

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

294. fundur

Föstudaginn 2. nóvember 2018 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í Mjódd og hófst hann kl. 13:00.

Mætt voru:

Björg Fenger (BF), Hjálmar Sveinsson (HS), Helga Ingólfssdóttir (HI), Karen Halldórsdóttir (KH) og Ásgeir Sveinsson (ÁS).

Fjarverandi: Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ)

Fundinn sat einnig Ástríður Þórðardóttir, sviðsstjóri fjármála og rekstur sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Akstursþjónusta fatlaðs fólks.

Tekið fyrir:

1. Akstursþjónusta fatlaðs fólks.

Áframhaldandi umfjöllun um stöðuna í akstursþjónustu fatlaðs fólks eftir að einn verktaki, Prime Tours ehf., var tekinn til gjaldþrotaskipta, 17. október sl. Frá þeim tíma hefur verið til skoðunar hvernig best er hægt að tryggja að þjónustan uppfylli þær kröfur sem til hennar eru gerðar.

Í kjölfar gjaldþrotsins óskaði skiptastjóri þrotabúsins eftir samþykki stjórnar Strætó á framsali rammsamningsins til annars rekstraraðila sem gert hefur tilboð í rekstrarvagna þrotabúsins og boðið starfsfólki þess áframhaldandi starf.

Guðmundur Siemsen, lögmaður hjá Advel og Eyþóra Geirsdóttir lögmaður hjá Embætti borgarlögmans fóru yfir möguleika framsals með tillit til rammasamningsins sem er í gildi sem og þau lög og reglur sem gilda um innkaup opinberra aðila.

Að fenginni staðfestingu á að framsal væri heimilt og að umræddur rekstraraðili fullnægi öllum hæfisskilyrðum rammasamningsins, samþykktu fjórir (BF, HS, KH, ÁS) stjórnarmenn framsal samningsins fyrir sitt leyti. Einn stjórnarmaður (HI) greiddi atkvæði gegn samþykki um framsal samningsins.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið: kl. 15.30

Fylgiskjöl:

- Minnisblað, Innkaupadeild Reykjavíkur, dags. 2.11.2018

Björg Fenger

Hjálmar Sveinsson

Helga Ingólfssdóttir

Ásgeir Sveinsson

Karen Halldórsdóttir